

## FUNDARGERÐ

### Verkheiti

Samráðsvettvangur um framkvæmdir Landsnets frá Sandskeiði að Hafnarfirði.

Fundarefni		Fundarstaður		Nr. fundar	
<b>Samráðsfundur um framkvæmdir</b>		Landsnet hf.		01	
Fundarboðari	Fundarritari	Fundardags.	Fundartími	Dags. fundarg.	Dags. næsta fundar
ÞB	ÓÁ	13.10.2015	16:00-17:30	14.10.2015	20.01.2016
Fundarmenn		Fyrirtæki			
Bjarni Reykr Kristjánsson (BRK)		Orkuveita Reykjavíkur			
Björn Stefánsson (BS)		Umhverfisstofnun			
Guðmundur Ingi Ásmundsson (GIÁ)		Landsnet			
Haraldur L. Haraldsson (HLH)		Hafnarfjarðarbær			
Ingólfur Eyfells (IE)		Landsnet			
Kristín Lóa Ólafsdóttir (KLÓ)		Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur			
Nils Gústavsson (NG)		Landsnet			
Ólafur Árnason (ÓÁ)		EFLA			
Ólafur Teitur Guðnason (ÓTG)		Rio Tinto Alcan			
Páll Stefánsson (PS)		Heilbrigðiseftirlit Hf. og Kópavogssvæðis			
Steingrímur Hauksson (SH)		Kópavogsbær			
Viðar Kristinsson (VK)		Íbúasamtök Vallahverfis í Hafnarfirði			
Þórarinn Bjarnason (ÞB)		Landsnet			
Þórður Ólafur Búason (ÞÓB)		Seltjarnarnesbæ			
Fjarverandi		Fyrirtæki			
Hrafnkell Proppé		Samtök Sveitarfélaga á Höfuðborgarsvæðinu			
Árný Sigurðardóttir		Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur			
Eyrún Linnét		Rio Tinto Alcan			
Ólafur Ingi Tómasson		Hafnarfjarðarbæ			
Finnur Birgisson		Mosfellsbær			
Dreifing		Fyrirtæki			
Fundarmenn og fjarverandi					
Arinbjörn Vilhjálmsson		Garðabæ			
Eysteinn Haraldsson		Garðabæ			
Guðmundur H. Einarsson		Heilbrigðiseftirlit Hf. og Kópavogssvæðis			
Haraldur Sverrisson		Mosfellsbær			
Jón Arnar Jónsson		Íbúasamtök Vallahverfis í Hafnarfirði			
Þorsteinn Narfason		Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis			

Dagskrá Fundar	Dagsetning næsta fundar	Tími næsta fundar
<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Opnun, Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri Landsnets.</li> <li>2. Tilgangur samráðsvettvangs, fyrirkomulag og tímaplan funda.</li> <li>3. Kynning á verkefnum               <ol style="list-style-type: none"> <li>a. Bætt hljóðvist við Hamranes</li> <li>b. Sandskeiðslína 1</li> <li>c. Tengivirki við Sandskeið</li> <li>d. Breyting á tengingu til ÍSAL og niðurrif Hamraneslína 1 og 2</li> </ol> </li> <li>4. Tímaáætlun og áskoranir</li> <li>5. Umræður</li> </ol>		
Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlstrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið		

Nr.	Dagskrárliðir
1.	<p><b>Inngangur</b></p> <p>Guðmundur Ingi Ásmundsson (GIÁ) hóf fundinn og fór yfir verkefnið og tilgang samráðsvettvangsins. Fram kom hjá GIÁ að verkefnið hafi haft langan aðdraganda en sé nú á mikilvægu stigi þar sem taka þurfi ákvarðanir um ýmsa þætti í útfærslu verksins og framkvæmd þess. Afar mikilvægt sé fyrir fyrirtækið að öflugt samráð sé haft við helstu hagsmunaaðila á þessu stigi og sé þessi vettvangur þessa hóps hugsaður til þess. Um sé að ræða nýja nálgun hjá fyrirtækinu varðandi samráð um framkvæmdaverkefni og það sé von hans að þessi nálgun verði til þess að allir hagsmunaaðilar séu betur upplýstir, meiri sátt sé um verkefnið og lausnir verði betri.</p> <p>GIÁ fer svo yfir verkefnið almennt, núverandi flutningkerfi, framtíðarsýn um flutningskerfið á þessu svæði og gaf stutt yfirlit um þær framkvæmdir sem nú standa til.</p> <p>HLH tók til máls og lýsti yfir ánægju með samstarf Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets og aðkomu íbúasamtakanna.</p>
2.	<p>ÞB tók til máls og fór yfir helstu markmið þessa samráðsvettvangs og gerði tillögu að fyrirkomulagi funda. Tilgangur þessa vettvangs er að stefna saman öllum helstu hagsmunaaðilum vegna þeirra verkefna sem nú eru í undirbúningi á vegum Landsnets frá Sandskeiði að Hafnarfirði. Verkefnið snertir margvíslega þætti og hagsmuni. Lykilatriði í þessu verkefni er gott samráð við íbúa, sérfræðistofnanir og aðra hagsmunaaðila. Landsnet leggur ríka áherslu á innihaldsríkt og gagnlegt samtal við þá sem hafa hagsmuna að gæta í þessu verkefni og hefur því ákveðið í samráði við Hafnarfjarðarbæ og Samtök íbúa á Völlum í Hafnarfirði að setja á stofn samráðsvettvang fyrir verkefnið. Tilgangur samráðsvettvangsins er að eiga samræður við hagsmunaaðila, þar sem aðilar geta komið á framfæri atriðum sem eru mikilvæg fyrir verkefnið ásamt því að fá upplýsingar um útfærslur mannvirkja og framvindu verkefnisins frá Landsneti.</p> <p>Lagt er til að fundað sé ársfjórðungslega og að næsti fundur verði haldinn þann 20. janúar 2016.</p>

Nr.	Dagskrárliðir
	<p>PS tók til máls og benti á að framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitanna hafi ekki getað mætt á þennan fyrsta samráðsfund og sitji hann og KLÓ fundinn í þeirra stað. Í framtíðinni munu framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Kjósarsvæðis og Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sitja þessa fundi. HLH benti einnig á að Ólafur Ingi Tómasson muni sitja á fundum í framtíðinni f.h. Hafnarfjarðarbæjar.</p>
3.	<p>ÞB fór yfir helstu þætti framkvæmdarinnar. Um er að ræða nokkur verkefni sem eru með mismunandi tímaramma. Þau eru: a) framkvæmdir við tengivirkni í Hamranesi í þeim tilgangi að bæta hljóðvist, b) framkvæmdir við Sandskeiðslínu 1, c) framkvæmdir við tengivirki á Sandskeiði, d) Breyting á tengingu til ÍSAL og niðurrif Hamraneslína 1 og 2. Farið var yfir hvern þessara liða á fundinum og veittar upplýsingar um hverja framkvæmd.</p> <p>a. Tengivirkni Hamranes: ÞB skýrir frá fyrirkomulagi. HLH spyr út stöðu þessa undirbúnings hjá Landsneti. IE upplýsti um það að hönnun á hljóðvegg sé nú í rýni. Að rýni lokinni verði framkvæmdin boðin út og stefnt sé að því að framkvæmdir geti hafist um miðjan nóvember. Hönnunargögn vegna hækkunar á mön liggi fyrir og hægt sé að hefja framkvæmdir um leið og leyfi liggi fyrir. Landsnet muni annað hvort ráða verktaka til verksins en einnig sé mögulegt að Hafnarfjarðarbær taki að sér framkvæmd verksins, í ljósi þess að bærinn hafi reist fyrri mön. HLH telur að framkvæmdaleyfi liggi fyrir vegna manarinnar.</p> <p>VK tók til máls og vildi koma því á framfæri varðandi frágang manarinnar að í stað þess að einungis sé sáð í mönina, líkt og núverandi hönnun geri ráð fyrir, sé einnig gert ráð fyrir trjágróðri til að létta ásynnd hennar. Landsnet mun skoða þessa ábendingu.</p> <p>b. Sandskeiðslína 1: ÞB skýrði frá fyrirkomulagi við framkvæmd háspennulínunnar en tilgangur hennar er að taka við af Hamraneslínu 1 og 2. PS tók til máls lagði áherslu á áhyggjur heilbrigðiseftirlitanna vegna þessarar línu. Framkvæmdirnar séu áhyggjuefni því að slys geti mengað vatnsból á höfuðborgarsvæðinu. ÞB tók fram að Landsnet sé meðvitað um þetta. Mikil áhersla var lögð á þennan þátt í umhverfismati og öðrum undirbúningi og ströng skilyrði verða sett vegna þessa þáttar. PS benti einnig á Litlu-Borgir sem eru náttúruvætti við línuleiðina sem sérstaklega þarf að huga að. ÓÁ staðfesti að framkvæmdir færu ekki fram innan þessa svæðis og Landsnet væri meðvitað um mikilvægi þess.</p> <p>c. Tengivirki á Sandskeiði: ÞB greindi frá forsögunni en gert hefur verið ráð fyrir tengivirki á Sandskeiði í aðalskipulagi Mosfellsbæjar frá árinu 2010. Með nýsamþykktum breytingum á svæðisskipulagi vatnsverndarsvæða á höfuðborgarsvæðinu er svæðið nú innan grannsvæðis vatnsverndar. Frekari afmörkun er í skoðun á vegum SSH og sjá Vatnaskil um þá greiningu. Farið var yfir afleiðingar þess að færa tengivirkni á aðliggjandi háspennulínur og umhverfisáhrif og jafnframt rætt um vatnsverndarmál. PS lagði áherslu á að þetta mál þurfi að skoða vandlega í samstarfi við heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis og Mosfellsbæ.</p> <p>d. Framkvæmdir nær Hafnarfirði: ÞB fór yfir helstu þætti framkvæmda nær Hafnarfirði, þ.m.t. niðurrif Ísallína og Hamraneslína. VK spurði hvort eitthvað hafi breyst í tímasetningum varðandi byggingur tengivirkis í Hrauntungum. GIÁ segir að svo sé ekki út frá þeim upplýsingum sem fyrirtækið hafi í dag. Tímasetning þess sé háð öðrum framkvæmdum á Reykjanesskaga.</p>
4.	<p>Tímaáætlun og helstu áskoranir: ÞB fer yfir tímaáætlun framkvæmdarinnar og gat þess að sú áætlun sem unnið er eftir sé mjög bjartsýn. Hún miðist við að hægt sé að hefja framkvæmdir næsta vor við</p>

Nr.	Dagskrárliðir
	<p>Sandskeiðslínu 1 og hefja niðurrif Hamraneslína 1 og 2 síðla árs 2017. Ef að allt gengur vel er gert ráð fyrir að framkvæmdin geti átt sér stað innan þessa tímaramma.</p> <p>ÞB fór einnig yfir næstu skref og helstu áskoranir, sem eru: Framkvæmdir við tengivirki í Hamranesi; ákvörðun um tengivirki á Sandskeiði; landeigendamál; leyfi Orkustofnunar; ljúka verkhönnun og útboðshönnun framkvæmdar; áhættumat og starfsleyfi vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæða; áhættumat vegna Sandskeiðsflugvallar; deiliskipulag tengivirkisreits og br. á deiliskipulagi Undirhlíðanámu; framkvæmdaleyfi frá sveitarfélögum; leyfi Umhverfisstofnunar vegna Bláfjalla- og Reykjanesfólkvangs</p> <p>PS minnir á að leyfi heilbrigðisnefnda þarf að liggja fyrir vegna framkvæmda og að um sé að ræða þrjú svæði. Í þessu máli er Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis með leyfisveitingar á Sandskeiði. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis sé með svæðið frá Suðurlandsvegi að Hafnarfirði og Heilbrigðiseftirlit Reykjavík er með svæðið sem Hamraneslínur 1 og 2 fara um. Krafist verði mikils eftirlits við alla þætti framkvæmdar. PS og KLÓ óska eftir því að haldinn sé fundur sem allra fyrst með þeim um þetta mál til að fara yfir einstaka þætti. Landsnet mun óska eftir fundi með heilbrigðiseftirlitunum.</p> <p>PS vildi einnig nýta tækifærið til að minna á aflagða olúfyllta jarðstrengslögn vegna gasaflsstöðvar sem heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis vill ekki hafa í jörð. Fram kemur hjá GÍÁ að Landsnet á strenginn ekki en hann er líklega í eigu Landsvirkjunar. Fram kom hjá ÓTG hjá Rio Tinto Alcan að hann viti þekki ekki til málsins og að það hafi ekki komið inn á borð hjá honum. Mikilvægt sé að erindi fari til þess aðila sem beri ábyrgð á strengnum.</p>
5.	<p>GÍÁ spurði fundarmenn um hvort að eitthvað eigi að vera til viðbótar við það efni sem er á fundinum. Íbúasamtökin vilja e.t.v. fá aðgengi að upplýsingum á milli ef þarf. Ákveðið var að settur verði upp tengiliðalisti vegna þessa máls með öllum þátttakendum. Einnig var ákveðið að settur verði upp verkefnavefur sem aðilar hafi aðgang að. ÞB mun setja hann upp og senda á aðila. ÞB gat þess að eftir sé að fá tilnefningar frá einhverjum aðilum en þeim verður bætt á viðtakendalistann.</p>

Fundarskjöl:

Samráðsvettvangur vegna niðurrifs HN1&2 1. fundur 2015-10-13.pdf